

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Siglufjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 15. mars 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Siglufjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Siglufjarðar og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur Siglufjarðar, sem staðfestur var af ráðuneytinu 7. maí 1936.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

24. mars 1982.

Nr. 152.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. mars 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu.

Neðanskráð sveitarfélög, söfnuðir og félög í Austur-Barðastrandarsýslu stofna hér með

sjálfseignarstofnun,

sem heitir Dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu,

Geiradalshreppur

Reykhólahreppur

Söfnuður Garpsdalssóknar

Söfnuður Reykhólasóknar

Búnaðarfélag Geiradalshrepps

Búnaðarfélag Reykhólahrepps

Kaupfélag Króksfjarðar

Kvenfélag Geiradalshrepps

Kvenfélagið Liljan, Reykhólahreppi

Ungmennafélagið Afturelding, Reykhólahreppi

Ungmennafélagið Unglingur, Geiradalshreppi

Verkalýðsfélagið Brandur, Austur-Barðastrandarsýslu.

Eignir stofnunarinnar er fé, er þegar hefur safnast til öldrunarmála í Austur-Barðastrandarsýslu, ennfremur framlög stofnenda í peningum og stofnfjárloforðum, svo og stofnframlög almennings, sbr. 9. gr. skipulagsskrár þessarar. Eignir stofnunarinnar eru nú í peningum samtals kr. 58 722,77, auk stofnfjárloforða.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar aðrar en vegna stofnfjárloforða samkvæmt framangreindu. Þó mega sveitarfélög þau, er gerast stofnaðilar að stofnuninni ganga í ábyrgð fyrir fjárhagslegar skuldbindingar stofnunarinnar ef þurfa þykir.

Söfnun stofnfjár er haldið áfram.

Samkvæmt framangreindu setja stofnendur stofnun þessari eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að veita öldruðum heimilivist og aðhlyningu og svo góða umönnun sem frekast er unnt. Í þessu skyni veitir hún viðtöku gjöfum og hvers konar styrktarfé öldruðum til aðhlyningar.

2. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar fastar eða lausar, nema andvirðið renni beinlínis til þess að halda dvalarheimili eða sinna umönnun aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu, sbr. 8. gr. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Hver stofnandi kýs einn fulltrúa í fulltrúaráð stofnunarinnar og einn til vara. Kosning fer fram á aðalfundi eða aukafundi, sem boðaður er með sama hætti og aðalfundur, enda er þess getið í fundarboði, að kjósa eigi fulltrúa þessa. Kosning gildir í 4 ár, eða til þess tíma, að fulltrúinn óskar þess að láta af störfum eða hættir sannanlega að sinna þeim. Helmingur fulltrúa skal ganga úr fulltrúaráðinu eftir 2 ár samkvæmt hlutkesti. Þau félög er ekki auglýsa fundi, kjósa fulltrúa sína eða skipa á sama hátt og kosið er til eða skipað er í fastanefndir. Fulltrúar safnaðanna skulu kosnir á almennum safnaðarfundum, sem má boða til sérstaklega í þeim tilgangi að kjósa fulltrúa í fulltrúaráðið, enda sé það auglýst sérstaklega.

Fulltrúaráðið skal hvatt saman minnst tvisvar á ári. Það kýs stjórn samkvæmt 4. gr., er tengiliður stjórnar og stofnenda og fær skýrslu um rekstur liðins árs. Fundi skal boða á tryggilegan hátt með nægum fyrirvara. Sérhver löglega boðaður fundur er lögmatgur.

4. gr.

Stjórn dvalarheimilisins skipa 5 — fimm — menn og þrjú til vara, búsettir í Austur-Barðastrandarsýslu. Skulu þeir allir boðaðir á stjórnarfundum. Á stjórnarfundum hafa varamenn ekki atkvæðisrétt. heldur málfrelsi og tillögurétt.

Kjörtímabil stjórnarmanna er fjögur ár. Sóknarprestur Reykhólaprestakalls skal eiga sæti í stjórn á hverjum tíma.

Kjósa skal stjórnarmenn saman og varamenn saman. Kjósa skal þá hlutbundinni kosningu, ef 2 fulltrúaráðsmenn óska þess. Formaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs og kveður það saman.

Stjórnin skal skipta með sér störfum. Hún fer með öll fjármál og framkvæmdir. Ber henni að gera sér allt far um að efla hag og heill stofnunarinnar í öllum greinum og auka hana og stækka er þörf krefur og aðstæður leyfa.

5. gr.

Stjórnin ræður starfsfólk eftir þörfum. Þó skal hún sjálf hafa yfirstjórn fjármála og starfsfólk bundna prókúru (sjá nánar í reglugerð).

Stjórnin skal árlega gera reikning yfir rekstur og efnahag dvalarheimilisins. Skal reikningurinn endurskoðaður af 2 mönnum, báðum tilnefndum af sýslunefnd

Austur-Barðastrandarsýslu. Stjórnin leggur síðan reikninginn endurskoðaðan fyrir fulltrúaráðið til afgreiðslu. Reikninginn skal síðan senda samþykktan til sýslunefndar til kynningar, en reikningurinn skal síðan birtur í sýslufundargerð Austur-Barðastrandarsýslu.

6. gr.

Peningar þeir, sem dvalarheimilið kann að eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

7. gr.

Fulltrúaráðið setur reglur fyrir dvalarheimilið.

8. gr.

Komi að því, að fulltrúaráðið eða stjórnin, sbr. 10. gr., sjái sér ekki fært að reka dvalarheimilið áfram, gefi hún hreppsnefndum Austur-Barðastrandarsýslu kost á því að taka að sér heimilið og allan rekstur þess og yrði það rekið með svipuðu sniði og áður, en hafni hreppsnefndir því boði, fellur dvalarheimilið með öllum eignum þess til þess opinbera aðila, er sinnt getur þjónustu við aldraða í Austur-Barðastrandarsýslu.

9. gr.

Gefa skal almenningi kost á að gerast stofnfélagar í Dvalarheimili aldraðra í Austur-Barðastrandarsýslu.

Í þeim tilgangi skulu gefin út stofnskirteini er hljóða á nafn stofnmeðlims og upphæð stofnframlags hans.

Stofnskirteinum fylgir ekki atkvæðisréttur til fulltrúaráðs eða stjórnar.

10. gr.

Fulltrúaráðið getur samþykkt að gefa nýjum félögum kost á að gerast aðilar að sjálfseignarstofnuninni og tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð hennar ef $\frac{2}{3}$ fulltrúaráðsmanna samþykkja það.

Hætti einhver stofnenda störfum (félag lagt niður) fækkar fulltrúaráðsmönnum að sama skapi þegar kjörtímabili lýkur.

Verði félög þau, sem aðild eiga að sjálfseignarstofnuninni þrjú eða færri, eða félögum fækkar svo vegna ákvörðunar þeirra um að hætta afskiptum af sjálfseignarstofnuninni fellur fulltrúaráðið niður, en stjórnin endurnýjar sig sjálf, þannig að 4 stjórnarmenn velja fimmta mann í stjórn með sér. Verði aðeins einn aðalmaður eftir í stjórn taka varamenn þátt í vali nýrra aðalmanna í stjórn.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari getur fulltrúaráðið ekki breytt, nema með $\frac{2}{3}$ atkvæða allra fulltrúaráðsmanna, en þó því aðeins að Stjórnarráð Íslands (það ráðuneyti sem fer með staðfestingar skipulagsskráa) staðfesti þær.

Ef fulltrúaráðið hefur lagst niður samkvæmt ákvæðum 10. gr. kemur stjórn félagsins í stað þess varðandi þau málefni, sem 1. mgr. þessarar greinar fjallar um.